

# Viðbragðsáætlun - ágreiningsmál

## Ágreiningur um meðferð eineltis og ofbeldismála:

- Verði ágreiningur milli skólastjórnenda og forráðamanna barna um meðferð mála sem ekki tekst að leysa getur hvor aðili um sig vísað málinu til Skólalþjónustu Árnesþings.
- Einnig er starfrækt fagráð eineltismála [gegneinelti.is](http://gegneinelti.is) sem er starfrækt á vegum Menntamálaráðuneytisins og er ætlað að leysa úr og aðstoða við eineltismál.

## Fyrstu viðbrögð vegna ágreiningsmála milli starfmanns og barns í Bláskógaskóla:

- Skólastjóri (eða staðgengill hans) aflar sér upplýsinga um málið.
- Skólastjóri hefur samráð við foreldra og/eða umsjónakennara hvað gera skuli innan skólans.
- Viðbragðsteymi sem saman stendur af foreldrum þess barns sem málið varðar, umsjónakennara og skólastjóra (eða staðgengli hans) heldur fund þar sem upplýst er um málið. Á fundinum er metið hverjir eiga að fá upplýsingar um málið og um frekari vinnslu þess.
- Ef utanaðkomandi aðilar sækjast eftir upplýsingum er það eingöngu skólastjóri (eða staðgengill hans) sem gefur upplýsingar um málið.